

027/00 - M.b. Bryndís ÍS-69

Bryndís ÍS-69, skipverji slasast við veiðar með færi

M.b. Bryndís ÍS-69

Skipaskr.nr.: 0361

Smíðaður: á Ísafirði 1939 úr eik

Stærð: 14,27 brl; 19,62 bt

Lengd: 14,20 m **Breidd:** 3,77 m **Dýpt:** 1,51 m

Vél: Scania Vabis 120,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað:

Földi skipverja: 2

Atvikalýsing

Hinn 25. júní 1999 var m.b. Bryndís ÍS-69 að veiðum með færi. Veður: gott, sjólaust.

Skipverjar voru að draga inn færi með stórri lúðu á og þegar hún var komin upp að borðstokk var ífæra sett í lúðuna til að hífa hana innbyrðis. Einn skipverja brá falnum á spilkopp með annarri hendi en hugðist aðstoða hinn skipverjann með hinni hendinni við lúðuna þegar hún kæmi upp. Skyndilega festist skipverjinn sem stjórnaði hífingu þegar falurinn klemmdi hann við spilkoppinn og fylgdi hann spilinu. Hinn skipverjinn brá hratt við og fór og stöðvaði vinduna og bakkaði henni til að losa skipverjann. Skipverjinn slasaðist illa á hendi.

Hringt var eftir aðstoð frá landi og var þyrla send til að sækja hinn slasaða.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til þess að stjórnandi spilsins hafi ekki gætt fyllstu varkárni og öryggis þegar hann hugðist framkvæma marga hluti samtímis.